

Stjórnarfundur Félags Háskólakennara á Akureyri

Þriðjudaginn 5. febrúar 2008 14:30-15:30

Mætt: Þórir Sigurðsson, Giorgio Baruchello, Hafdís Skúladóttir og Páll Björnsson

1. Námssjóður

Umsóknir voru endurskoðaðar. Fáar umsóknir bárust eins og vant er. Umræða var um þörf á nákvæmari reglum. Unnið hefur verið eftir þeirri meginreglu að sjóðurinn styrki það sem ekki er hægt að fá styrki frá annars staðar og verður svo áfram. Gjaldkera var falið að gera breytingatillögu fyrir næsta aðalfund.

2. Þóknun fyrir félagsstörf

Verið er að safna gögnum frá þeim sem hafa starfað fyrir FHA. Ekki hefur allt skilað sér en gengið verður frá greiðslum um leið og öll gögn hafa borist.

3. Samþykktir háskólaráðs

Stjórn FHA furðar sig á því vinnulagi að ekki sé haft samráð við félagsmenn þegar gerðar eru breytingar á reglum um framgang, rannsóknaleyfi og vinnumat.

4. Mál Stefáns Jónssonar.

Borist hefur reikningur frá lögmonnum upp á 521.344,- kr. sem FHA mun greiða.

5. Mál FPÍ gegn FHA

Félag prófessora við ríkisháskóla hefur stefnt fjármálaráðherra fyrir Félagsdómi. Félögum háskólakennara er einnig stefnt af ætlaðri réttarfarsnauðsyn þannig að málaúrslit bindi þau og að þeim gefist kostur á að gæta hagsmuna sinna kjósi þau það. FHA hyggst ekki halda uppi vörnum fyrir Félagsdómi í máli FPÍ. FHA er hlutlaust í þessu máli og mun gera skil á öllum þeim gjöldum sem Fjársýsla ríkisins hefur sent félaginu undanfarna mánuði í nafni prófessora við H.A. í samræmi við niðurstöðu Félagsdóms.

6. Starfsáætlun vormisseris

Áætlað er að halda félagsfund í næstu viku vegna komandi samninga.

Stjórn FHA mun ekki boða til félagsfundar með fulltrúum í háskólaráði. Fulltrúar háskólaráðs hafa lýst þeim vilja að boða sjálfir til slíks fundar í eigin nafni.

Þátttaka FHA í kostnaði vegna árs hátíðar verður með sama sniði og undanfarin ár.

7. Fjarvist formanns

Formaður FHA verður fjarverandi næstu 3 vikurnar og mun væntanlega segja af sér á næsta aðalfundi. Kjartan varaformaður tekur við fram að aðalfundi sem formaður.

Fundi slitið kl 15:30

Hafdís Skúladóttir ritaði fundargerð